

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar og fjárlög fyrir árið 2010 hefur iðnaðarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar verður sem hér segir:

á veitusvæði HS veitna	3,25 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	3,54 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	2,63 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	2,69 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli	3,32 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	2,84 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur	3,49 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	3,23 kr./kWst.

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum.

Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum skal vera 2,04 kr./kWst. eða 91,80 kr./m³.

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðalraforkuverði til húshitunar í dreifbýli og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,23 kr./kWst.

Um hámark niðurgreiðslna fer samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 78/2002.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. janúar 2010.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. janúar 2010.

Katrín Júlíusdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2010